



FRÉTTABRÉF FÉLAGS UM INNRI ENDURSKOÐUN

MAÍ 2013

Í ÞESSU FRÉTTABRÉFI:

AÐALFUNDUR FIE 1

Aðalfundur Félags um innri endurskoðun verður haldinn á Hótel Reykjavík Natura miðvikudaginn 29. maí og hefst hann kl. 8:30.

FRÆDSLUSTARF FIE 1

**INNRI
ENDURSKOÐUNAR-
DAGURINN 2**

Dagskrá samkvæmt samþykktum félagsins:

**PISTILL
AFMÆLISNEFNDAR 5**

1. Skýrsla um störf félagsins á liðnu ári

2. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar
3. Breytingar á samþykktum – engar tillögur lagðar fram
4. Kosning stjórnar
5. Kosning formanna nefnda
6. Kosning endurskoðanda annað hvert ár
7. Ákvörðun félagsgjalds
8. Önnur mál

Stjórn félagsins hvetur alla félagsmenn til að mæta á fundinn og taka virkan þátt í störfum félagsins.

Boðið verður uppá morgunverð.

PISTILL STJÓRNAR 6

FRÆDSLUSTARF FIE

MORGUNVERÐARFUNDUR FRAMUNDAN

Næsti morgunverðarfundur FIE verður haldinn fimmtudaginn 23. maí næstkomandi.

Fyrirlesarar á fundinum verða tveir. Fyrst mun Kjetil Kristensen yfirmaður hjá Ernst & Young í Noregi flytja erindi undir yfirskriftinni: “The future of internal audit is now”. Þar mun Kjetil fjalla um strauma og stefnur í innri endurskoðun.

Í kjölfar Kjetils mun Ágúst Hrafnkelsson innri endurskoðandi Íslandsbanka fjalla um alþjóðlega staðla um innri endurskoðun og síðareglur frá janúar 2013 í íslenskri þýðingu.

Skráning fer fram á fie@fie.is

MORGUNVERÐARFUNDUR Í APRÍL

Á morgunverðarfundum FIE hinn 5. apríl síðastliðinn var fjallað um samstarf innri og ytri endurskoðanda út frá sjónarhóli innri og ytri endurskoðanda og endurskoðunarnefnda. Fyrirlesarar á fundinum voru þau Sigríður Guðmundsdóttir innri endurskoðandi Marels, Jón H. Sigurðsson löggiltur endurskoðandi hjá PwC og Árni Tómasson stjórnarmaður og fulltrúi í endurskoðunarnefnd Íslandsbanka.

INNRI ENDURSKOÐUNAR- DAGURINN

Innri endurskoðunardagurinn var haldinn hinn 15. mars sl. Nánar er fjallað um hann á bls. 2-4 í blaðinu.

FAGGILTUM FÉLAGSMÖNNUM FJÖLGAR

Á dögum varð Ingunn Ólafsdóttir 15. Íslendingurinn til að hljóta faggildingu sem innri endurskoðandi (CIA). Ingunn starfar hjá Deloitte og situr jafnframt í afmælisnefnd FIE. Þá náði Guðmundur I. Bergþórsson innri endurskoðandi Orkuveitu Reykjavíkur á dögum CRMA gráðunni (Certification in Risk Management Assurance). IIA hóf nýverið að bjóða upp á CRMA vottun og er Guðmundur fyrsti Íslendingurinn til að ná þessari gráðu.

FIE óskar þeim Guðmundi og Ingunni til hamingju með áfangann.

INNRI ENDURSKOÐUNARDAGURINN

Innri endurskoðunardagurinn var haldinn 15. mars sl. á Hótel Reykjavík Natura. Var þátttaka á ráðstefnunni góð en alls voru þátttakendur rúmlega 100.

Anna Margrét Jóhannesdóttir setti ráðstefnuna og í kjölfarið tók Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins við ráðstefnu-stjórn.

Fyrsta erindið flutti Gunnar Baldvinsson, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða og framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins en erindi hans bar yfirskriftina „Áhættustýring lífeyrissjóða—minni sveiflur, meiri gæði“. Fjallaði Gunnar meðal annars um það umhverfi sem lífeyrissjóðir starfa í og þær sveiflur sem því fylgja. Verkefni lífeyrissjóða í tengslum við þær

sveiflur væri að tryggja að þær væru í takt við fjárfestingastefnu sjóðsins, hvorki meiri, né minni. Fór Gunnar yfir það skipulag sem væri á áhættustýringu lífeyrissjóðsins og hvernig það hefði þróast. Nefndi Gunnar að í kjölfar útgáfu leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins um áhættustýringu hefði sjóðurinn unnið að því að koma á frekari skipulagi áhættustýringar. Skipulag áhættustýringar sjóðsins væri samspil áhættugreiningar, áhættumats, mótun áhættustefnu, áhættueftirlits og mati á áhættueftirliti. Fjárfestingarstefna sjóðsins væri kjarninn í þessu og lögð væri sérstök áhersla á að hún væri ítarleg. Í lok erindis síns benti Gunnar á að það væri gömul saga og ný að besta áhættustýringin fælist í því að hafa ekki öll eggín í

sömu körfu.

Næst fjallaði Guðbjörg Anna Guðmundsdóttir forstöðumaður Efnahags og markaðsáhættu Íslandsbanka um áhættustýringu og innra eftirlit. Í máli Guðbjargar kom fram að góð áhættustýring væri ekki deild, heldur “kúltur” og að allir starfsmenn banka ynnu við áhættustýringu. Þá fór Guðbjörg yfir þær þrjár varnarlinur sem mynduðu áhættustýringu og innra eftirlit Íslandsbanka. Í fyrstu varnarlínu væru stjórnendur og almennir starfsmenn, í annarri línu væri áhættustýring og lánaeftirlit, regluvarsla og áhættunefndir og í þriðju línu væru stjórn og innri endurskoðun. Þá kynnti Guðbjörg áhættuskýrslu Íslandsbanka fyrir árið 2012 en markmið hennar er að veita markaðsaðilum og

„Var þátttaka á ráðstefnunni góð en alls voru þátttakendur rúmlega 100“



Anna Margrét Jóhannesdóttir formaður FIE við setningu innri endurskoðunardagsins.

INNRI ENDURSKOÐUNARDAGURINN—FRAMHALD

öðrum haghöfum upplýsingar sem auka skilning á áhættuþáttum í rekstri bankans og eiginfjárstöðu hans og uppfylla um leið lögbundnar kröfur um upplýsingagjöf. Í skýrslunni er að finna lykilupplýsingar um samsetningu eiginfjár bankans og eiginfjárförf en einnig um megináhættuþætti í starfseminni og áhættumatsferlum.

Í kjölfar erindis Guðbjargar fjallaði Sveinn Arason ríkisendurskoðandi um áhættu- miðaða endurskoðunar- áætlun Ríkisendurskoðunar. Fór Sveinn yfir hlutverk stofnunarinnar og kom meðal annars inn á að í kjölfar hrunsins hefðu starfsmönnum fækkað úr 49 í 42. Rekstur ríkisins væri auk þess þyngri, verkefni væru fleiri og því væri áhættugreining mikilvæg. Í kynningu sinni sýndi Sveinn með myndrænum hætti umfang þeirra útgjalda sem Ríkisendurskoðun þyrfti að endurskoða. Áhættugrunnað verkefnaval væri mikilvægt fyrir stofnunina til að hámarka virðisauka af starfsemi sinni. Áhættugreiningar í fjárhagsendurskoðun hefðu lengi tíðkast til þess að forgangsraða verkefnum. Hins vegar væru heildaráhættugreiningar nýjar á nálinni. Með heildaráhættugreiningu væri átt við það þegar tekið væri mið af breytingum sem yrðu í þjóðfélaginu í heild eða væru fyrirsjáanlegar. Horfa mætti á heildaráhættu í þremur hlutum, það er

hagkerfið, ríkisfjármálin og stjórnsýsluna. Þá kom fram í máli Sverris að sérstaða Ríkisendurskoðunar væri sú að hún sendi skýrslur sínar til Alþingis sem aðrar stofnanir gerðu ekki. Stofnun væri einnig í einstakri stöðu vegna aðgangs að upplýsingum til þess að skoða vandamál ríkisins í víðu samhengi.

Að loknu kaffihléi var komið að Patrick Bailey innri endurskoðanda Seðlabanka Svíþjóðar. Bar erindi hans yfirskriftina „Internal Audit at the Riksbank: Where's is the risk?“. Í upphafi benti Patrick á að Seðlabanki Svíþjóðar væri elsti seðlabanki í heimi en hann var stofnaður 1668. Fór Patrick yfir skipulag Seðlabankans. Innri endurskoðun bankans felst meðal annars í innri endurskoðun á starfsemi bankans sjálfs, endurskoðun á starfsemi sem tengist Evrópska seðlabankanum og annarri alþjóðlegri samvinnu. Taldi Patrick að sem sérfræðingar í faginu ættu innri endurskoðendur að geta þróað með sér góðan skilning á eðli áhættu sem ætti að geta nýst vel við uppbyggingu endurskoðunar-áætlunar. Endurskoðun stuðlaði ekki sjálfkrafa að og væri ekki nauðsynleg góðu kerfi stjórnarháttanna en rétt endurskoðun gerði það hins vegar. Nálgun á innri endurskoðun seðlabankans væri bæði top-down og áhættu- miðuð og tengdist markmiðum bankans. Farið væri

yfir mestu áhætturnar í rekstri bankans í reglulegum skýrslum áhættustýringar. Áhættumat væri gert á mikilvægum verkefnum sem væru stöðugt í gangi. Þá reyndi innri endurskoðun að hafa áhrif utan þess að skrifa endurskoðunar- skýrslur—þó væri vel gætt að óhæði í slíkum tilfellum. Sagði Patrick frá því að ákvæði um innra eftirlit hefði verið bætt inn í lög um Seðlabanka Svíþjóðar árið 2010. Bankaráð bankans væri nú skyldað til að gefa út yfirlýsingu um að innra eftirlit bankans væri fullnægjandi. Hver deild þyrfti nú að fara í gegnum sjálfsmat. Reglulega væri gerð sérstök áhættuskýrsla sem færi fyrir bankaráð bankans auk skýrslu um innri endurskoðun.

Fram kom hjá Patrick að innri endurskoðunarteymi bankans færi yfir endurskoðunaráætlun fyrir bankann og aðferðafræði innri endurskoðunar. Reynt væri að greina og eyða veikleikum og finna leiðir til að laga áætlunina að stefnu og áhættu bankans. Taldi Patrick upp nokkur atriði sem væru forgangsatriði fyrir innri endurskoðun seðlabankans. Meðal þeirra væri að tengjast vel starfsemi bankans, reyna stöðugt að gera betur, hafa sveigjanlega endurskoðunaráætlun, fara yfir þá þekkingu sem innri endurskoðunarteymið byggði yfir og reyna bæta úr þar sem þekkingu skorti.

Áhættugrunnað verkefnaval væri mikilvægt fyrir stofnunina til að hámarka virðisauka af starfsemi sinni.

Sveinn Arason

Taldi Patrick að sem sérfræðingar í faginu ættu innri endurskoðendur að geta þróað með sér góðan skilning á eðli áhættu sem ætti að geta nýst vel við uppbyggingu endurskoðunar-áætlunar

INNRI ENDURSKOÐUNARDAGURINN—FRAMHALD

Síðast en ekki síst væri mikilvægt að sýna bankaráði seðlabankans hvað væri gott og draga um leið fram árangur og mikilvægi innri endurskoðunar.

Á eftir erindi Patricks fjallaði Bryndís Hlöðversdóttir stjórnarformaður Landsvirkjunar um stjórnir og áhættustýringu út frá sjónarhóli stjórnarformanns. Bryndís hóf kynningu sína á að fara yfir starfsemi Landsvirkjunar en fyrirtækið er sameignarfyrirtæki í eigu ríkisins og veltir um 50 milljörðum króna á ári. Kom fram að EBITDA hlutfall Landsvirkjunar væri um 80% af tekjum en fyrirtækið væri mjög skuldbætt en lausafjárstaða þess væri þó sterk. Þá kom fram að Landsvirkjun væri með margvíslegar áhættuvarnir sem tengdust gjaldmiðlum, vöxtum og álverði. Bryndís fór í máli sínu yfir skipulag áhættustýringar innan Landsvirkjunar. Stjórn fyrirtækisins samþykkir sérstaka áhættustýringarstefnu. Ákvörðunartaka og eftirlit með áhættustýringu er síðan í höndum áhættunefndar en í henni sitja forstjóri, aðstoðarforstjóri og fjármálastjóri en yfirmaður áhættustýringar er ritari nefndarinnar. Yfirmaður áhættustýringar hefur umsjón með daglegri áhættustýringu. Bryndís sagði að hér áður fyrr hefðu einkum verið horft til fjárhagslegrar áhættu en nú

væri litið á áhættustýringu sem heildstætt ferli. Við þá umbreytingu voru teknir saman áhættuþættir um allt fyrirtækið. Þeir voru síðan flokkaðir í áhættuskra og ábyrgðaraðilar skilgreindir. Á mánaðarlegum stjórnarfundum væru síðan lagðar fram fundargerðir áhættustjórnar auk ýmissa einblöðunga yfir helstu áhættuþætti. Áhersla væri lögð á að skýra og einfalda framsetningu á upplýsingum og myndræn framsetning væri áberandi. Taldi Bryndís að þessar breytingar á áhættustýringu hefðu haft viðtækari áhrif á fyrirtækið. Þar væri nú aukin áhættuvitund. Allir starfsmenn sinntu nú áhættustýringu í stað þess að hún væri bundin við eina deild. Áhættustýring væri nú samþætt í verklag og ferla sem þegar hefðu verið til staðar.

Að lokum sagði Bryndís að stjórnarmenn þyrftu að hafa tíma til að sinna eftirlitshlutverki sínu með daglegri stjórn fyrirtækisins og nota til þess þá aðstoð og ráðgjöf sem þeir teldu sig þurfa. Þó væri mikilvægt að stjórnin hefði sjálf yfirsýn yfir þörfina og félli ekki í þá gryfju að telja áhættustýringu eða innra eftirlit í fullkomnu lagi. Ef slík tæki ættu að virka þyrftu þau að vera í sífelldri endurskoðun. Ef fólk væri farið að slaka á og treysta um of á að aðrir sæju til þess að hlutirnir væru í lagi

þyrfti að staldra við.

Næstur tók til máls Þorsteinn Pálsson og fjallaði um stjórnun og eftirlit fyrirtækja og stofnana. Þorsteinn hefur víðtæka og breiða reynslu en á ferli sínum hefur hann m.a. gegnt ráðherrastöðum, verið sendiherra, ritstjóri og framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands. Þorsteinn gegnir nú stöðu stjórnarformanns MP banka. Í máli Þorsteins kom m.a. fram að sú stjórnarseta hefði opnað fyrir honum heim sem honum hefði áður verið að nokkru leyti hulin. Taldi hann í því felast ákveðinn styrkleiki þar sem ný augu greindu gjarnan eitthvað sem aðrir hefðu ekki tekið eftir. Taldi Þorsteinn að virkt eftirlit væri hverju fyrirtæki lífsnauðsynlegt og að stjórnun og eftirlit gætu ekki án hvors annars verið.

Í lok ráðstefnunnar flutti Ágúst Hrafnkelsson formaður alþjóðanefndar FIE og stjórnarmaður í alþjóðasamtökum innri endurskoðenda stutt erindi sem bar yfirskriftina „Tungutak staðla“. Að því loknu voru gestir boðnir velkomnir yfir í annan sal þar sem 10 ára afmælisfagnaður FIE fór fram. Var þar boðið upp á veitingar og skemmtiatriði auk þess sem Ágúst Hrafnkelsson fékk sérstaka viðurkenningu fyrir störf í þágu félagsins.

„Taldi Bryndís að þessar breytingar á áhættustýringu hefðu haft viðtækari áhrif á fyrirtækið. Þar væri nú aukin áhættuvitund. Allir starfsmenn sinntu nú áhættustýringu í stað þess að hún væri bundin við eina deild. Áhættustýring væri nú samþætt í verklag og ferla sem þegar hefðu verið til staðar.“

PISTILL AFMÆLISNEFNDAR

Afmælishátíð FIE í tilefni tíu ára afmælis félagsins var haldin í lok innri endurskoðunardagsins þann 15. mars sl. Á hátíðinni var Ágústi Hrafnkelssyni innri

endurskoðanda Íslandsbanka veitt viðurkenning fyrir störf í þágu Félags um innri endurskoðun. Ágúst var einn af stofnendum félagsins en svo skemmti-

lega vildi til að stofnfundurinn var haldinn í sömu byggingu og afmælishátíðin fór fram í 10 árum fyrr.



Ingi K. Magnússon var veislustjóri á 10 ára afmælisfagnaði FIE

Ragnheiður Gröndal og hljómsveit töfrðu fram ljúfa tóna. Veglegar veitingar voru í boði í mat og drykk. Undir lok hátíðarinnar kitlaði Björn

Bragi hláturtaugar innri endurskoðenda og gesta þeirra. Hátíðin heppnaðist mjög vel og komu fjölmargir góðir gestir, félagsmenn

jafnt sem aðrir. Afmælisnefndin þakkar góðar viðtökur og hvetur félagsmenn til fleiri góðra stunda á léttari nótunum í framtíðinni.



Patrick Bailey innri endurskoðandi Seðlabanka Svíþjóðar á innri endurskoðunardeginum.

„Afmælisnefndin þakkar góðar viðtökur og hvetur félagsmenn til fleiri góðra stunda á léttari nótunum í framtíðinni“

Heimasíða félagsins er:

www.fie.is



Ábyrgðarmaður:

Albert Ólafsson

Netfang: fie@fie.is

Fræðslunefnd FIE

Sigríður Guðmundsdóttir, formaður

Björn Snær Atlason

Viðar Kárason

PISTILL STJÓRNAR

Ágætu félagsmenn!

Nú er 10 ára afmælisár félagsins bráðum hálfnað. Afmælishátíð félagsins, sem haldin var 15. mars sl. í framhaldi af dagskrá Innri endurskoðunardagsins, tókst einstaklega vel. Á afmælisfagnaðinum var boðið upp á glæsilega dagskrá og góðar veitingar og var hann vel sóttur af félagsmönnum og öðrum áhugamönnum um innri endurskoðun. Stjórn félagsins þakkar afmælisnefndinni fyrir góðan undirbúning og vel heppnaða afmælisdagskrá. Metþátttaka var á Innri endurskoðunardeginum, yfir

100 manns, og var ánægjulegt að sjá þann fjölbreytta hóp sem tengist innri endurskoðun úr ólíkum áttum.

Framundan er aðalfundur félagsins þann 29. maí næstkomandi kl. 08:30, að Hótel Reykjavík Natura og er dagskrá aðalfundar samkvæmt samþykkt félagsins. Stjórnin vill hvetja félagsmenn til þess að mæta og snæða með okkur morgunverð. Aðalfundur er vettvangur til að koma á framfæri skoðunum um áherslur starfsins til næsta árs og finna sér farveg til að taka þátt í félagsstarfinu.

Félag um innri endurskoðun er samstarfsvettvangur þeirra sem starfa við innri endurskoðun í fyrirtækjum og stofnunum.

Markmið félagsins er að efla innbyrðis tengsl og kynningu þeirra sem starfa við fagið, vera vettvangur til að styrkja fagleg vinnubrögð, styrkja þróun innri endurskoðunar og faglega umræðu jafnframt því að vera leiðandi rödd stéttarinnar út á við.

Félagið er aðili að The Institute of Internal Auditors Inc. - (www.theiia.org) auk þess sem það tekur þátt í evrópsku og norrænu samstarfi á sínu sviði.

FRAMPRÓUN MEÐ SAMSTARFI (PROGRESS THROUGH SHARING)

Þann 14. júlí nk. verður haldin alþjóðaráðstefna IIA í Orlando í Flórída og hvetjum við þá félagsmenn að mæta sem hafa tök á því. Á haustmisseri eru mörg spennandi viðfangsefni framundan; árleg haustráðstefna, morgunverðarfundir og fleira.

Ágætu félagsmenn, stjórn félagsins óskar ykkur gleðilegs sumars og þakkar fyrir gott starf á síðastliðnum vetri og vonandi sjá flestir sér fært að mæta á aðalfund félagsins.

Stjórn FIE

Stjórn FIE:



formaður:
Anna Margrét
Jóhannsdóttir



varaformaður:
Albert Ólafsson



gjaldkeri:
Sif Einarsdóttir



ritari:
Auðbjörg
Friðgeirsdóttir



meðstjórnandi:
Nanna Huld Aradóttir

